

Miðvikudaginn 5. maí 1965.

Nr. 53/1965. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Gunnari Héðni Jakobssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og laun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Gunnar Héðinn Jakobsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 10. desember 1964.

Ár 1964, fimmtudaginn 10. desember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Gunnlaugi Briem sakadómarara, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 7339/1964: Ákærvaldið gegn Gunnari Héðni Jakobssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Málið er samkvæmt ákæruskjali, dagsettu 28. október s.l., höfðað gegn ákærða, Gunnari Héðni Jakobssyni bifreiðarstjóra, Brávallagötu 22, Reykjavík, fæddum 5. febrúar 1930 í Reykjavík, fyrir þjófnað samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga

nr. 19/1940 með því að hafa miðvikudaginn 16. september 1964 stolið kr. 2.000.00 úr eigu Péturs Esrasonar að Laugateigi 22 í Reykjavík.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Sakavottorð ákærða hljóðar svo:

1937 20/12 Reykjavík. Ákærður fyrir flöskupjófnað. Afgreitt til barnaverndarnefndar.

1948 2/2 Rvík. Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

— 15/6 Rvík. Sátt 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1949 7/12 Rvík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

1950 6/10 Rvík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

— 31/10 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

— 13/11 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1951 23/3 Rvík. Sátt, 75 kr. sekt fyrir ölvun og spellvirki.

— 28/3 Rvík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

— 30/5 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

— 23/10 Rvík. Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

— 4/11 Rvík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.

— 12/11 Rvík. Uppvís að þjófnaði, saksókn felld niður samkvæmt bréfi Dómsmálaráðuneytisins með hliðsjón af 256. gr. hegningarlaga.

— 7/12 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.

1952 19/8 Rvík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot gegn 18. gr. áfengislaga.

— 25/8 Rvík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot gegn 18. gr. áfengislaga.

— 4/10 Rvík. 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár, sviptur kosningarrétti og kjörgengi, fyrir brot gegn 244., 245. og 248. gr. hegningarlaga og sviptur öku-réttindum í 1 ár.

— 21/10 Rvík. Dómur: 60 daga fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.

— 13/8 Siglufjörður. Sátt, 75 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.

1953 10/5 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.

— 12/6 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.

— 8/9 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.

— 19/12 Rvík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.

1954 16/2 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir brot á 18. gr. áfengislaga.

— 26/3 Rvík. Dómur: Fangelsi 6 mánuði, sviptur kosningar-

- rétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. og 248. gr. hegningarlaga.
- 24/5 Rvík. Dómur: Fangelsi 4 mánuði, sviptur kosningar-rétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga. Staðfest í Hæstarétti 20/10 1954.
 - 3/10 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 - 25/10 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 - 1955 11/7 Vestmannaeyjar. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri, 653 kr. skaðabætur fyrir spellvirki.
 - 30/8 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 - 7/10 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 - 1956 13/3 Rvík. Dómur: 4 mánaða fangelsi, sviptur réttindum fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
 - 15/7 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 - 1957 20/2 Rvík. Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
 - 1958 9/5 Rvík. Dómur: 6 mánaða fangelsi, sviptur kosningar-rétti og kjörgengi fyrir brot á 245., 247. og 248. gr. hegningarlaga.
 - 16/10 Rvík. Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun. í
 - 23/10 Rvík. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun.
 - 13/12 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
 - 1959 6/2 Rvík. Dómur: 4 mánaða fangelsi, sviptur réttindum fyrir brot á 244. og 248. gr. hegningarlaga.
 - 1960 7/5 Rvík. Sátt, 350 kr. sekt fyrir ölvun.
 - 14/5 Rvík. Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun.
 - 30/8 Rvík. Sátt, 400 kr. sekt fyrir ölvun.
 - 3/11 Rvík. Dómur: 7 mánaða fangelsi, sviptur kosningar-rétti og kjörgengi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
 - 1961 21/3 Akureyri. Sátt, 100 kr. sekt fyrir ölvun.
 - 18/9 Rvík. Dómur: 8 mánaða fangelsi fyrir brot á 248. gr. hegningarlaga.
 - 1963 4/11 Rvík. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
 - 16/8 Akureyri. Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
 - 1964 11/4 Rvík. Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun.
 - 7/7 Rvík. Sátt, 300 kr. sekt fyrir ölvun.

Málsatvik eru þessi samkvæmt játningu og öðrum gögnum í máli þessu:

Miðvikudaginn 16. september s.l. var ákærði við drykkju með Péttri Esrasyni, Ægissíðu 68, hér í borg, og öðrum manni. Fóru þeir ákærði og Pétur að Laugateig 22 til þess að vera þar við drykkjuna. Eftir að þangað kom, hafði Pétur farið úr jakkanum

og skilið hann eftir á sófa í stofunni. Nokkru síðar þurfti hann að bregða sér frá. Í vasanum á jakka Péturs var veski hans og í því talsvert af peningum. Eftir að Pétur var farinn á brott, fór ákærði í veskið og tók úr því 2000 kr., en setti það að því búnu aftur á sinn stað. Ákærði hélt að því búnu á brott. Peningunum, sem hann stal, kveðst hann hafa eytt til áfengiskaupa o. fl. Ákærði hefur greitt framanskráða fjárhæð til rannsóknarlögreglunnar, og hefur hún verið afhent Pétri Esrasyni.

Framanskráð atferli ákærða er sannað með játningu hans og öðrum gögnum í máli þessu. Hefur ákærði með því orðið brotlegur gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 6 mánaða fangelsi, en fullnustu refsingarinnar þykir mega fresta og hún niður falla, að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldið. Skilorðið er ákveðið með hliðsjón af því, að ákærði hefur ekki orðið brotlegur gegn almennum hegningarlögum s.l. 3 ár og hann hefur greitt fullar skaðabætur.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Héðinn Jakobsson, sæti fangelsi í 6 mánuði, en fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún niður falla, að 3 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 haldið.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.
